

## 195. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 28. desember 2004 kl. 20:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Rúnar Gíslason, forseti bæjarstjórnar, RG  
Dagný Þórisdóttir, DÞ  
Eyþór Benediktsson, EB  
Elísabet L. Björgvinsdóttir, ELB  
Davið Sveinsson, DS  
Hilmar Hallvarðsson, HH  
Guðmundur Kristinsson, GK  
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri, ÓJG  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari.

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

### 1. Úthlutun byggðakvóta Stykkishólmsbæjar.

**Með bréfi Sjávarútvegsráðneytisins dagsettu 6. desember 2004 var Stykkishólmsbæ úthlutað 205 þorskígildislesta byggðakvóta vegna samdráttar í vinnslu á skel (grein 3 A reglugerðar um úthlutun á 3200 þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum).**

**Bæjarstjórn mótmælir þrepaskiptingu byggðakvóta og telur réttara að úthlutað væri hlutfallslega miðað við tjón.**

**Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar leggur til að úthlutun byggðakvóta Stykkishólmsbæjar verði skipt milli útgerða þeirra skipa sem stunduðu skelveiðar á síðustu tveimur skelvertíðum. Kvótinn verði veiddur af bátum úr bæjarfélaginu og unninn á staðnum.**

**Allir tóku til máls. Ályktun samþykkt samhljóða.**

**Fundargerðin upplesin og samþykkt.**

**Fundi slitið kl. 21.18.**

**Þór Örn Jónsson, bæjarritari.**